

Skrímslaerjur

Höfundar texta: Áslaug Jónsdóttir (Íslandi),
Kalle Güettler (Svíþjóð), Rakel Helmsdal
(Færeyjum).

Höfundur mynda: Áslaug Jónsdóttir (Íslandi).
Útgefandi: Mál og menning, 2012

Var tilnefnd til Barna- og
unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2013

Söguþráður: Stóra skrímslinu og litla skrímslinu
kemur ekki saman um í hvaða leik þau eiga að
fara. Þegar stóra skrímslið dettur og meiðir sig
hlær litla skrímslið og þá er friðurinn úti.

Efnisorð: rífrildi, vinátta, iðrun, sektarkennd,
samlyndi

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum


Skoðið myndirnar með barninu. Hverju tekið þið eftir
sem ykkur finnst skemmtilegt?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu bókarkápuna. Um hvað heldur þú að bókin
sé?
2. Hvers vegna reiðist litla skrímslið?
3. Hvernig líður þér þegar þú hefur gert eitthvað af
þér?
4. Hefur þú einhvern tíma ríft við einhvern? Hvernig
sættust þið? Hvernig sættast litla skrímslið og stóra
skrímslið?
5. Skoðaðu myndirnar og finndu opurnar þar sem
þau rífast. Skoðaðu opnu 6 og öftustu síðuna í bókinni
og teiknaðu mynd af þér með besta vini þínum eða
vinum.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Rífst þú einhvern tíma við annað fólk? Um hvað
rífst þið? Hvernig líður þér þegar þú rífst við einh-
vern? Ræðið saman í bekknum um hvernig hægt er að
sættast á ný.
2. Hefur þú einhvern tíma sagt eitthvað við vin þinn
sem þú hefur séð eftir?



3. Okkur langar ekki alltaf að gera það sama á sama
tíma. Er í lagi að eitt ykkar ráði alltaf hvað þið eigið
að gera? Hvernig komist þið að samkomulagi um
hvað þið ætlið að gera? Komdu með tvær tillögur að
því hvernig hægt er að leysa svoleiðis ósætti.
4. Ræddu við félagi þinn um uppáhaldsleikina þína.
Hafið þið gaman að sömu leikjunum? Hvort ykkar
ræður því í hvaða leik þið farið?
5. Notið stemninguna og svipbrigðin úr bókinni til að
gera skapandi verkefni með mynd og texta þar sem
litla skrímslið segir fyrirgefðu.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Lesið bókina tvö og tvö saman og takið eftir hver-
nig bókstafirnir breyta um stærð. Fylgist líka með
því hvernig veðrið í bókinni breytist. Hvaða hlutverki
gegnir veðrið í frásögninni?
2. Hefur þér einhvern tíma orðið á að segja eða gera
eitthvað sem hefur sært annað fólk? Hvernig sættust
þið? Hvernig leið þér? Fannstu fyrir því í líkamanum,
varð þér til dæmis illt í maganum eins og litla skríms-
linu?

3. Í versta falli: Litla skrímslið ímyndar sér að allt fari á hinn versta veg eftir að það er búið að gefa stóra skrímslinu glóðarauga. „Hvað nú ef það deyr?“ hugsar það. Hefur þú einhvern tíma hugsað þannig? Hvernig er hægt að hætta að hugsa svoleiðis? Væri ráð að tala um það við einhvern?

4. Ræðið saman í bekknum um að vera góðir vinir og að sættast eftir rifrildi. Hvernig leggst í þig að biðja fyrirgefningar?

5. Finndu mynd í bókinni sem þú getur notað sem hugmynd að einhverju skapandi. Til dæmis klip-pimynd, málverk eða stöðvunarmynd (stop motion film).

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Strikurnar. Höfundar: Dánial Hoydal og Annika Øyrabø.

Skrímsli í vanda. Höfundar: Áslaug Jónsdóttir, Kalle Güettler og Rakel Helmsdal.

Vildare, värre, Smilodon. Höfundar: Minna Lindeberg og Jenny Lucander.

MÁLAMOLI

"Rífast"

sænska

Bråka

danska

Skændes

norska

Krangle

íslenska

Rífast

færeyska

Klandur

grænlenka

Oqqanneq

finnska

Riidellä

norðursamíska

Riidalit



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)